

Lá

Athugasemdir

Lýsing Þorleifs Jóhannessonar var borin undir Guðrúnu Jónsdóttur frá Vindási 20. jan. 1978. Guðrún er fædd á Hrafnkelsstöðum við Kolkragafjörð 1898 og dvaldist síðan á ýmsum bæjum í Eyrarsveit. Hún bjó í Lá 1934-36. Nú er hún til heimilis að Hrafnistu í Hafnarfirði.

Sigríður Jóhannsdóttir skráði fáeinar athugasemdir eftir Guðrúnu.

Lárkot (2) var undir Stöðinni (17).

Mýrarhús (1) og Lárkot (2) eru ekki til lengur.

Í Neðri-Lá (3) bjó um tíma holdsveikur maður.

Síðan fór jörðin í eyði um nokkurt skeið. Seinna bjó Guðrún Jónsdóttir í Neðri-Lá, og var þá komið þar steinhús.

Róið var úr Lárvaðli (6).

Guðrún kannaðist ekki við Fremritungu (9).

Guðrún vissi ekki, af hverju Tuttuguálnavöllur (12) drægi nafn, en hafði þó grun um, að einhver leiðindaatburður væri honum tengdur, því að sá sem leigði henni jörðina, vildi ekki byggja þarna.

Hreggnes (14) nefnir Guðrún **Hreggnasa** (63).

Þetta er grasi vaxinn skagi, sléttur að ofan, sem gengur fram í Vaðalinn, og er grjót undir honum. Nafnið mun dregið af því, hve þarna er stormasamt. Á Hreggnasa, alveg fram undir Vaðlinum, var hringlaga túngarður, hlaðinn úr grjóti. Innan í honum mótaði fyrir hringlaga tóftum. Þarna hafa einhvern tíma verið bæjarhús og grjótgarðurinn hlaðinn til varnar vindum. Á Hreggnasa var sérstök lykt upp úr jörðinni, því að þar uxu alls konar blóm.

Lækur rann fyrir norðan Hreggnasa og annar fyrir sunnan túnið, töluvert fyrir sunnan Tuttuguálnavöll. Hann þraut aldrei og hefur líklega verið vatnsból frá Efri-Lá (5).

Þórðarvöllur (13) er kenndur við Þórð nokkurn halta, sem fékk að slá þar.

Stöðin lækkar svolítið að sunnanverðu.

Undir þessu fjalli er Kvíabryggja.

Eiríksvöllur (19) er kenndur við mann, sem fékk að slá hann.

Tagl (21) er móabörð, sem ganga svolítið út í Vaðalinn.

Í Hvolpapytti (22) voru hvolpar kæfðir nýfæddir. Stóruþúfur (23) báru nafn með rentu, a.m.k. meðan Guðrún var í Lá.

Goðatóftir (25) eru ævafornar. Sagt var, að þar hefði verið smáhof fyrir heimilið.

Sjórinn hefur brotið mikið af Goðaganginum (26) en skilið eftir það, sem grjót hefur verið í. Það er nú orðið gróið.

Til eru ótal sögur um Álfaborg (28) og Hulduhvamm (29). Guðrúnu var sagt, að Hulduhvammur hefði verið álagablettur, sem ekki mátti slá. Einhvern tíma var reynt að hlaða garð þarna í kring, svo að ekki yrði traðkað þar.

Stundum var róið úr Bug (35), en kringum 1930 fórst þar bátur, og má heita, að þá hafi Lárplássið farið í eyði.

Hrafninn varp í Hrafnaklettum (39).

Nónkró (44) hefur líklega verið eyktarmark frá Mýrarhúsum og Neðri-Lá.

Lárkotsflói (49) var slægjuland Lárkots.

Leirulækur (50) var leirborinn lækur.

Fossa (55) hafði Guðrún aldrei séð.

Snasir (60) voru mjög hættulegar og voðalegt að smala þær.

Nónsteinn (62) hefur ekki verið eyktamark frá Neðri-Lá.

Örnefnastofnun 30. jan. '78,

Sigríður Jóhannsdóttir.